

Mættir: Björn Sigurðsson formaður, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Júlía Þorvaldsdóttir varaformaður, Elsa María Guðmundsdóttir, Hörður Oddfríðarson ritari, Leifur Guðni Grétarsson og Eyleifur Jóhannesson yfirmaður landsliða

Afboða, mæta ekki : Hrafnhildur Lúthersdóttir. Emil Örn Harðarson móta og miðlunarstjóri (í barneignaleyfi), Hilmar Örn Jónasson, Oddur Örnólfsson, Viktoría Gísladóttir gjaldkeri

Fundur 13.10.2020 settur kl. 19.00. Fundurinn var fjarfundur

1. Fundargerð síðasta fundar

Stjórn hafði þegar samþykkt síðustu fundargerð í gegnum tölvupóst.

2. Mót og starfsemi

- a. Samkvæmt tillögum frá heilbrigðisráðuneyti og sóttvarnaryfirvöldum hefur öllu íþróttastarfi á höfuðborgarsvæðinu hefur verið frestað frá 7 - 19. október vegna COVID-19 faraldursins. Á næstu dögum mun koma í ljóst hvort að þessum takmörkunum verður haldið áfram.
- b. Í lok september (áður en frestun íþróttastarfs var tilkynnt) var haldin fjarfundur með forsvarsfólki og þjálfurum allra félaga og á þeim fundi var ákveðið að færa öll mót samkvæmt atburðadagatali um 2 vikur til að skapa hreyfingunni andrými á erfiðum tímum.
- c. Ljóst er að með þessum hertari aðgerðum þarf að breyta atburðadagatali enn frekar og farið var yfir tillögur þar að lútandi. SSÍ mun leggja tillögur fyrir hreyfinguna þegar að ljóst verður um hvort að framhald verði á þessari frestun íþróttastarfs lengur en til 19. október.
- d. Æfingar geta ennþá farið fram hjá félögum utan höfuðborgarsvæðisins og hvetur stjórn SSÍ þau félög til að halda upp eins eðlilegu starfi og hægt er meðan það er leyfilegt og það sé innan marka sóttvarnareglna hverju sinni.
- e. RIG: Þann 6. okt var fyrirhugaður fundur með forsvarsfólki Ægis til ræða fyrirkomulag RIG 2021 þar með talið verka- og tekjuskiptingu mótsins. Þessum fundi var frestað þar sem hann átti að vera á sama tíma og búist var við tilkynningu frá yfirvöldum varðandi hertar aðgerðir vegna COVID-19. Nýr fundur verður boðaður á næstunni með Ægissfólki.
- f. Formannafundur sem átti að vera þann 29. september var einnig frestað vegna ástandsins og verið er að skoða nýja dagsetningu á honum.
- g. Þann 5. okt átti forsvarsfólk SSÍ símafund með Norðurlandapjóðunum ásamt Paolo Barelli forseta LEN. Halda átti LEN ráðstefnu í Búdapest 7-8. Nóvember en ljóst er að sú ráðstefna verður haldin með fjarfundartækni.
- h. Þann 1. okt áttu formaður og framkvæmdastjóri fund með ÍSÍ og öðrum ásamt öðrum sérsamböndum þar sem farið var yfir heildaráhrif faraldursins á keppni og rekstur sambandanna.
- i. SSÍ mun eiga, ásamt fleiri sérsamböndum, fund með ÍSÍ og sóttvarnaryfirvöldum síðar í vikunni til að koma sjónarmiðum á framfæri varðandi framhald æfinga.

3. Afreksmál

- Verið er að endurskipuleggja allt afreksstarf miðað við nýjar forsendur í þjóðfélaginu.
- Eyleifur fór yfir hvað hann væri búinn að gera síðastliðnar vikur en hann hefur m.a. heimsótt flest félög á landinu og verið í sambandi við sundmenn hér heima og þá sem eru að æfa erlendis.
- Daganna 25 og 26. sept átti að fara fram landsliðshelgi í Reykjanesbæ. Alls voru 37 þátttakendur skráðir. Þessari helgi var frestað í tvígang vegna faraldursins. Jóhann Ingi Gunnarsson sálfræðingur, sem átti að vera hluti af æfingahelginni, hélt vel heppnaðan fjar-fyrirlestur fyrir hópinn þann 10. október.
- SSÍ hefur í samstarfi við Hreyfingu komið upp fjarþjálfun á lokuðum hóp á Facebook fyrir sundfólk. Þar kom inn daglega æfingar sem henta sundfólki og hópurnir getur farið inn hvernær sem er og gert æfingarnar.
- Að beiðni ÍSÍ hefur SSÍ sent inn nöfn þriggja sundmanna inn í ÓL hóp ÍSÍ. Ákveðið var að miða við hvaða sundfólk væri 2% eða minna frá boðslágmarki á næstu Ólympíuleika. Tímabilið sem um ræðir er frá HM50 2019 til dagsins í dag. Hópurinn verður endurskoðaður eftir RIG 2021 og ÍM50 2021.
- Eyleifur fór yfir skjalið yfir lágmrök og viðmið og gerði grein fyrir hugsuninni á bakvið þá vinnu sem lögð hefur verið í skjalið. Skjalið er til skoðunnar og umsagnar hjá nokkrum aðilum og verður í kjölfarið sett á heimasíðu SSÍ.

4. Fundargerðir nefnda

- Fundargerð afmælisnefndar 29.09.2020*
- Fundargerð dómara nefndar og dómara listi, 12.10.2020*
- Skýrsla dómara um námskeið á Akureyri, 17.09.2020*
Farið yfir og samþykkt

5. Félagaskipti

Nafn:	Fyrri félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
Sara Dís Ólafsdóttir	Sd. Fjölnis	Sd. UMFA	12.09.20	13.10.20
Diana Sumskyté	Sd. KR	Sd. UMFA	12.09.20	13.10.20

Staðfest

6. Staðfesting meta

25m laug

Piltar

Grein:	Nafn :	Félag	Tími	Dags:	Staður
Engin met lágu fyrir fundinum					

7. Aðsend bréf

Dags	Efni	Sendandi
a. 29.09..2020	Afrekssjóður, bréf til sérsambanda	ÍSí
b. 02.10.2020	FINA Congress	FINA
c. 07.10.2020	Aðgát í íþróttahúsum	ÍSí
d. 07.10. 2020	Len Congress, msg from the president	LEN
e. 08.10.2020	Tilmæli Sóttvarnalæknis	ÍSí
f. 09.10.2020	Len Congress 2020	LEN
g. 09.10.2020	Tölvupóstsvindl og Íþróttafélög	ÍSí
h. 30.07.2020	Auglýsing um samkomubann	ÍSí

Önnur mál:

- a. Engin önnur mál lágu fyrir fundinum.

Fundi slitið kl. 20:15